

# Skýrsla starfshóps

um samstarf heimilis og skóla



Hafnarfjörður

## Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Tillaga starfshópsins.....	4
Viðmið um samstarf heimila og skóla í Hafnarfirði.....	5
Gildi foreldrasamstarfs.....	8
Könnun.....	9
Lög um samstarfið.....	9
Skólapúlsinn.....	10
Niðurstaða.....	12
Heimildaskrá.....	13
Viðauki 1- Könnun.....	14
Viðauki 2 – Hlutverk bekkjarfulltrúa.....	14

## Formáli

Á fundi fræðsluráðs þann 19. október 2022 lagði Foreldraráð Hafnarfjarðar fram eftirfarandi bókun:

Foreldraráð Hafnarfjarðar hefur áhyggjur af þeirri stöðu sem upp er komin í skólum landsins eftir kórónuveirufaraldur varðandi samstarf heimilis og skóla. Heimsfaraldurinn hefur gert þetta starf mjög erfitt þar sem foreldrar hafa jafnvel ekki stigið inn í skólann í yfir 2 ár og því verk að vinna að ná upp fyrra horfi.

Samstarf heimilis og skóla er krefjandi vinna sem þarf að sinna af krafti til þess að úr verði gjöfult samstarf. Ávinningur af öfluggu samstarfi heimilis og skóla er margþættur. Má þar nefna betra andrúmsloft í skólanum, aukin starfsánægja kennara, betri líðan nemenda og meiri metnaður og áhugi fyrir námi. Ávinningurinn er ekki síður fyrir foreldra þar sem öryggi í foreldrahlutverkinu eykst og samskipti batna.

Aðkoma stjórnenda að foreldrafélagi eða störfum þess er allt frá því að vera slök til þess að vera nokkuð góð í skólum Hafnarfjarðar. Gera þarf stjórnendum grein fyrir þeim mikla ávinning og mikilvægi þess að góð tengsl séu á milli foreldrafélags/bekkjartengla og starfsfólks enda eru tækifærin mikil.

Í ljósi þessa leggur foreldraráð grunnskólabarna til að farið verði í áttak í eflingu samstarfs heimilis og skóla í Hafnarfirði. Skipaður verði vinnuhópur sem fari yfir mögulegar leiðir til þess að efla samstarf milli heimilis og skóla sem skilar niðurstöðum sínum til fræðsluráðs í desember.

Hópurinn mun safna upplýsingum hjá skólum Hafnarfjarðar og bera saman það sem vel er gert og hefur virkað og hvar þarf að gefa í. Niðurstöður þeirrar vinnu munu síðan nýtast sem leiðarvísir fyrir stjórnendur skóla í eflingu samstarfs á milli heimila og skóla bæjarins.

Fulltrúar fræðsluráðs taka undir mikilvægi þess að styrkja samstarf heimilis og skóla og vísar því bókuninni til umræðu og úrvinnslu hjá sviðinu. Óskar eftir því að fulltrúar sviðsins kalli fulltrúa foreldra grunnskólabarna til samstarfs.



Fulltrúar fræðsluráðs tóku undir mikilvægi þess að skoða leiðir til að styrkja samstarf heimilis og skóla og vísaði bókuninni til umræðu og úrvinnslu hjá mennta- og lýðheilsusviði. Starfandi sviðstjóri Árný S. Steindórsdóttir fjallaði um málið á framkvæmdateymisfundum sviðsins og skipaði Geir Bjarnason íþróttá- og tómsfundafulltrúa sem starfsmann vinnuhópsins og fól honum að ýta vinnu hópsins úr vör.

Foreldraráð skipaði formann sinn Stefán Már Gunnlaugsson í vinnuhópinn auk Kristínar Ólafar Grétarsdóttur formanns foreldrafélags Áslandsskóla. Skólastjórar tilnefndu síðan Kristinn Guðlaugsson skólastjóra í Hvaleyrarskóla og Margréti Halldórsdóttur skólastjóra í Engidalsskóla í vinnuhópinn.

Starfshópurinn hélt fimm fundi þar sem fjallað var um viðfangsefnið og farið yfir gögn eins og lög og rannsóknir um samstarfs heimilis og skóla. Starfshópurinn gerði viðhorfskönnun meðal stjórnenda skóla og þeirra sem eru í stjórnnum foreldrafélaga sjá viðauka 1. Vinna hópsins var með ágætum og full samstaða innan hópsins um mikilvægi þess að Hafnarfjarðarbær, skólar og foreldrafélög leggi aukna áherslu á að efla samstarf milli þessara aðila.

## Tillaga starfshópsins

- Auka þarf samstarf milli heimila og skóla og það er gert best með öflugum samstarfi milli foreldrafélaga og skólans.
- Starfsemi foreldrafélaga á ekki að snúast um kvaðir og fjáraflanir heldur verkefni sem hlúa að börnunum og veru þeirra í skólanum.
- Skólastjórar bera ábyrgð á því að foreldrafélög fái stuðning og hvatningu.
- Á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs skal vera starfsmaður sem er tengill við foreldrafélög og styður við starfsemi þeirra.
- Starfshópurinn leggur til að aðilar þessa máls þ.e. fræðsluráð Hafnarfjarðar, Foreldraráð Hafnarfjarðar, skólastjórar og foreldrafélög grunnskólanna í Hafnarfirði vinni eftir og samþykki „Viðmið um samstarf heimila og skóla í Hafnarfirði“.
- Til að tryggja lágmarks samstarf og lágmarks þjónustu leggur starfshópurinn til að fræðsluráð samþykki fyrir sitt leiti þau lágmarksviðmið sem þar eru sett fram sem ætlað er að efla samstarf heimilis og skóla og með því að auka velferð og líðan allra nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðarbæjar.



## Viðmið um samstarf heimila og skóla í Hafnarfirði

Forgangs- röð	HAFNARFJARÐARBÆR, MENNTA- OG LÝÐHEILSUSVIÐ					
	Verkefni	Nánari skýring	Hver ber ábyrgð á	Lágmarks- viðmið	Hvenær framkvæmt	Hvað bjargir gæfi vantað?
1	Skipa skal fulltrúa/tengill á skólaskrifstofu sem er tengill við foreldrafélög/foreldraráð/skóla og aðila sem tengjast samstarfi heimilis og skóla.	Viðkomandi er í um 25% starfi og er tengill við aðila sem sinna fræðslumálum og samstarfi heimilis og skóla sem tengjast skólum, börnum og foreldum varðandi velferð og farsæld barna.	Sviðsstjóri	Að starfsmaður skólaskrifstofu sé skilgreindur sem tengill	Haust 2023	Starfshlutfall %
2	Samráðs og samstarfsfundur sviðstjóra, skólastjóra og stjórnenda mennta- og lýðheilsusviðs með fulltrúum foreldraráðs Hafnarfjarðar	Sviðstjóri og stjórnendur mennta- og lýðheilsusviðs skulu funda með fulltrúa foreldrafélaga þar sem rætt verður um helstu sameiginleg verkefni og fjalla um hvernig til hefur tekist í sameiginlegum verkefnum.	Tengill við foreldrafélög á mennta- og lýðheilsusviði	Funda skal tvisvar á ári þar sem rætt verður um helstu sameiginleg verkefni og hvernig til hefur tekist.	Skólaárið 2023-24	Engar
3	Viðhald skólalóðar, hljóðvist, matarmál og nýframkvæmdir	Mennta- og lýðheilsusvið skal kalla til aðila úr foreldrafélagi, skólastjóra og fulltrúa framkvæmdasviðs þar sem verður fjallað um viðhald, nýframkvæmdir og breytingar á mótuneytismálum. Skoða þarf sérstaklega hljóðvistarmál og tryggja upplýsingagjöf og aðkomu fulltrúa foreldra að mælingum og úrbótum.	Tengill við foreldrafélög á mennta- og lýðheilsusviði	Að þessi mál séu minnst einu sinni á dagskrá funda milli skóla og foreldrafélags á hverju ári	Haust 2023	Upplýsingar um framkvæmdir
4	Stýðja við starf foreldraráðs Hafnarfjarðar um 550.000 kr ár hvert	Foreldraráð hefur engar tekjur né er á föstum framlögum hjá Hafnarfjarðarbæ.	Fræðsluráð		Fjárhags- áætlun 2024	Fjármagn
5	Mennta- og lýðheilsusvið skal tryggja fræðslu og umræðu meðal skólastjórnenda um gildi samstarfs heimilis og skóla.	Að fræðsla og umræður verði í gangi um ávinning og leiðir á samstarfi milli heimila og skóla	Tengill við foreldrafélög á mennta- og lýðheilsusviði	Að minnst ein fræðsla sé í boði á ári og að málið sé minnst einu sinni á dagskrá skólastjórafundar	Skólaárið 2023/2024	Áhuga

Forgangs- röð	GRUNNSKÓLI					
	Verkefni	Nánari skýring	Hver ber ábyrgð á	Lágmarks- viðmið	Hvenær framkvæmt	Hvað bjargir gæfi vantað
1	Að foreldrafélag sé starfandi í skólanum	Það er hlutverk skólastjórans að tryggja að til sé starfandi foreldrafélag í skólanum. Skólastjóri tryggir að það fjármagn sem skilgreint sé sem fyrir félagsstarf og samstarf heimili og skóla skili sér í verkefni þar sem bekkir, kennarar og foreldrar séu að vinna saman eins og í jólaföndri og ferðalögum	Skólastjóri	Að til sé starfhæf stjórn við upphaf skólaársins. Haldinn verði aðalfundur árlega og starfandi séu bekkjartenglar	Fyrir hvert skólaár	Virkir foreldrar
2	Fundur stjórnar foreldrafélags og skólastjóra	Samstarf skólans og foreldrafélags	Skólastjóri	Tvisvar á skólaári	Við upphaf skólárs og um mitt skólaár	
3	Tengill við foreldrafélag	Skólastjóri getur skipað annan en sig sem tengil við foreldrafélag sem starfar með foreldrafélagi og skulu upplýsingar um þennan tengil vera sendar foreldrafélagi. Æskilegt er að viðkomandi sé stjórnandi við skólann og hafi svigrúm innan vinnutímans til að sinna verkefninu.	Skólastjóri	Að til sé skilgreindur tengill og foreldrar viti af því s.s. með upplýsingum um viðkomandi á heimasíðu skólans	Fyrir hvert skólaár	
4	Val á bekkjartenglum og starfið gert áhugavert	Það er sameiginlegt hlutverk skólans og foreldrafélagsins að gera starf bekkjartengla áhugavert. Það er hlutverk skólans að finna bekkjartengla. Bekkjartenglastarfið er afar mikilvægur hlekkur í samstarfi heimilis og skóla.	Skólastjóri/ tengill við foreldrafélag	Að það sé minnst einn árgangatengill	Skólaárið 2023/2024	Áhugasamir foreldrar, starfið ekki áhugavert og ekki leit að markvisst
5	Hlutverk umsjónarkennara	Umsjónarkennari taki þátt í verkefnum með nemendum og foreldrum utan hefðbundinnar kennslu. Umsjónarkennari hittir bekkjartengla og vinnur með þeim.	Skólastjóri	Að lágmarki vera með tvo til þrjú viðburði utan skólatíma yfir skólaárið.	Skólaárið 2023/2024	
6	Sameiginlegur viðburður eins og vorhátíð	Vorhátíðir, afmæli skóla og stærri viðburðir eru sameiginleg verkefni skólans, foreldra, nemenda og hverfisins. Leit á skal leiða til að tryggja samvinnu allra aðila að verkefninu.	Skólastjóri/ tengill við foreldrafélag	Að það sé minnst einn sameiginlegur viðburður á hverju skólaári	Skólaárið 2023/2024	



Forgangs- röð	FORELDRAFÉLAG GRUNNSKÓLA					
	Verkefni	Nánari skýring	Hver ber ábyrgð á	Lágmarks- viðmið	Hvenær framkvæmt	Hvað bjargir gæfi vantað
1	Samráðs- og samstarfsfundur skólastjórnar og stjórnar foreldrafélags	Stjórn foreldrafélags skulu hið a skólastjóra við upphaf hvers skólaárs og aftur um mitt skólaár og fjalla um sameiginleg verkefni.	Formaður foreldrafélags		Haust 2023	Engar
2	Lágmarksstarf foreldrafélags á hverju skólaári	Fulltrúi foreldrafélags situr í skólaráðum og foreldraráði Hafnarfjarðar, þeir tryggja að haldnir séu bekkjartenglafundir og haldin sé aðalfundur ár hvert.	Formaður foreldrafélags	Fundað einu sinni í mánuði.		
3	Bekkjartenglastarfið gert áhugavert	Það er sameiginlegt hlutverk skólans og foreldrafélagsins að gera starf bekkjartengla áhugavert. Bekkjartenglastarfið er afar mikilvægur hlekkur í samstarfi heimilis og skóla. Leita skal leiða til að fjalla um verkefnið á jákvæðan hátt og hrósa þeim sem sinna verkefninu	Stjórn foreldrafélagsins	Að það sé að lágmarki tveir árgangatenglar	Skólaárið 2023/2024	Viljuga foreldra
4	Val á bekkjartenglum	Foreldrafélag vinnur að því að aðstoða við að finna fyrir hvert skólaár bekkjartengla fyrir hvern bekk. Foreldraráð Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbær munu gera verkefnalýsingu bekkjartengla sjá viðauka II.	Eldri bekkjartenglar og stjórn foreldrafélags	Að sem flest um foreldrum sé boðið að verða bekkjartenglar	Skólaárið 2023/2024	
5	Sameiginlegur viðburður eins og vorhátíð	Vorhátíðir eru sameiginleg verkefni skólans, foreldra, nemenda og hverfisins. Leita skal leiða til að tryggja samvinnu allra aðila að verkefninu.	Stjórn foreldrafélagsins			

Forgangs- röð	FORELDRARÁÐ HAFNARFJARÐAR					
	Verkefni	Nánari skýring	Hver ber ábyrgð á	Lágmarks- viðmið	Hvencær framkvæmt	Hvað bjargir gæfi vantað
1	Fundir stjórnar foreldraráðs	Boða skal fulltrúa foreldrafélaga úr öllum grunnskólum í Hafnarfirði á fundi ráðsins.	Formaður	Fundað skal minnst sex sinnum á ári.		
2	Hvatningarverðlaun	Verðlauna og draga upp starf sem vel er til eftirbreyttni	Stjórn foreldraráðs	Árlega	2023	Stuðningur Hafnarfjarðar-bæjar
3	Sameiginlegir viðburðir og fræðsla fyrir foreldra	Ýta undir að félögin starfi saman s.s. vegna sameiginlegrar fræðslu og samstarfsverkefna		Minnst þrjár sameiginlegar fræðslur á ári		
4	Samstarf við skólaskrifstofu	Funda um sameiginleg mál	Formaður	Einu sinni á ári		
5	Samstarf við Heimili og skóla	Að til verði samstarfsamningur milli aðila um fræðslu til foreldrafélaga í Hafnarfirði og Heimilis og skóla	Stjórn foreldraráðs		2024	

## Gildi foreldrasamstarfs

Fjölmargir þættir hafa áhrif á það hve virkir foreldrar eru í samstarfi við grunnskóla og hve vel skilaboð skólans skila sér til þeirra. Skólinn á að vera leiðandi í þessu samstarfi. Nanna Kristín Christiansen (2011) er sá íslenski fræðimaður sem mest hefur skoðað áhrif samstarfs heimila og skóla segir: „Það skiptir meira máli hvað þú gerir sem foreldri en hver þú ert“. Hún segir að rannsóknir hafa sýnt fram á að það sem hefur mest áhrif á námsárangur, líðan og hegðun barna í skólanum er hvernig foreldrar gegna hlutverki sínu heima fyrir. Stuðningur foreldra við börn sín hefur þannig miklu meiri áhrif á árangur nemenda en félagsleg staða þeirra og menntun.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að gagnvart skólastarfinu þá hefur þátttaka foreldra í því bætt aðlögun barna að skólanum og námsárangri þeirra (Desforeges og Abuochaar, 2003; Hattie, 2009). Íslensk rannsókn á agavanda í grunnskólum Reykjavíkurborgar sýndi fram á mikilvægi foreldrasamstarfsins. Þar sem viðhof kennara til samskipta milli heimila og skóla voru neikvæð var meira um agavandamál en þar sem kennarar litu jákvæðum augum til foreldrasamstarfsins (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006). Í þessum skólum þar sem jákvæðni ríkti og foreldrasamstarfið var öflugt var áhersla af hendi skólans að hvetja foreldra til þátttöku og miðla upplýsingum um jákvæða viðburði tengda skólastarfinu.



## Könnun

Starfshópurinn sendi skólastjórnnum og stjórnnum foreldrafélaga könnun um viðhorf og reynslu af samstarfi skóla og foreldra. 23 aðilar tóku þátt þar af fimm skólastjórnendur. Átta af þessum aðilum töldu að foreldrasamstarfið væri gott eða mjög gott en 11 töldu það vera í meðallagi. Þegar spurt var um hver sé sá sem á upptökin af samstarfsverkefnum milli skóla og foreldra þá var svarið að í 10 tilfellum væri það foreldrafélagið en í öðrum 10 tilfellum kæmi það frá báðum aðilum.

Mikið af spennandi verkefnum og hugmyndum komu fram í gegnum þessa könnun en hana má finna í viðauka 1.

## Lög um samstarfið

Grunnskólalög (9. gr.) eru mjög skýr varðandi foreldrafélög:

*Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.*

Aðalnámskrá grunnskóla (14.2) fjallar einnig um samstarfið og ábyrgð skólastjórans:



...Ákvarðanataka í skólamálum hefur færst nær foreldrum en það undirstrikar þörf fyrir formlegan samstarfsvettvang þeirra. Vel rekin og virk foreldrafélög við hvern skóla gefa foreldrum kost á margvíslegum tækifærum til að stuðla að og viðhalda góðum skólabrag og kynnast öðrum foreldrum, nemendum og starfsfólki skóla. Foreldrar hafa þar vettvang til að ræða saman um skólagöngu barnanna og hvað eina sem varðar uppeldi og menntun. Til að ná sem bestum árangri er nauðsynlegt að þeir sem hlut eiga að máli velti fyrir sér markmiðum félagsins og hvernig megi skipuleggja starfið svo að þau markmið náist. Með virkri starfsemi foreldrafélaga er hægt að stilla saman strengi í ýmsum hagsmunamálum og velferðarmálum með hagi barna að leiðarljósi. Foreldrafélög skulu leggja áherslu á sem virkast foreldrastarf í einstökum umsjónarhópum eða bekkjardeildum. Foreldrafélög skulu hafa sem best samstarf við skólaráð og nemendafélög.

Samkvæmt grunnskólalögum frá 2008 er umsjónarkennari skilgreindur sem sá aðili sem er tengiliður við foreldra. Í 13. grein laganna er hlutverkinu lýst þannig:

Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila.“ Í kjarasamningi milli aðila er gert ráð fyrir að kennarar hafi skilgreinda lágmarks tíma til að sinna þessari vinnu við að efla samstarf heimila og skóla.

## Skólapúlsinn

Á starfstíma hópsins kom út skýrsla Skólapúlsins fyrir Hafnarfjörð. Þar er úrtak foreldra grunnskólabarna spurðir út í samstarfþætti milli heimila og skóla. Könnunin var gerð í febrúar 2023 og var úrtakið 1.078 foreldrar og svöruðu 735 og er því svarhlutfalla 68,2%.

Hér er birt mynd af einum þætti úr þessari könnun. Meðaltal Hafnarfjarðar í röðun er í öllum tilfellum fyrir neðan miðju.

## 4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Röðun	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	29 af 34	4,8	678	0,1	4,8	5.082	0,0
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	25 af 34	55,7%	321/582	-1,7%	55,8%	2489/4290	-0,1%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	22 af 34	66,0%	306/469	-3,1%	63,6%	2395/3662	2,4%
4.4. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	17 af 34	94,2%	645/684	-0,6%	93,2%	4741/5086	1,0%
4.5. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	18 af 34	56,4%	342/608	-0,8%	58,0%	2572/4494	-1,5%
4.6. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	17 af 34	87,6%	470/538	-1,1%	87,2%	3536/4053	0,4%
4.7. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	27 af 34	73,9%	484/661	-7,8%	78,8%	3918/4949	-4,9%*
4.8. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	18 af 34	71,6%	498/700	-2,7%	69,7%	3712/5250	1,9%



Hafnarfjörður



## Niðurstaða

Ljóst er að samstarf heimilis og skóla hafi dvínað á Covid tímabilinu og þörf er að efla það. Gildi góðs samstarfs heimila og skóla er ótvírætt og hefur jákvætt gildi fyrir nemendur. Gögn benda til þess að samstarfið í Hafnarfirði gæti verið mun öflugra. Leið til að tryggja aukið samstarf er að setja lágmarksviðmið allra aðila málsins á blað og festa þau með samþykki allra aðila.

Hafnarfirði 24. apríl 2023

Kristinn Guðlaugsson, skólastjóri Hvaleyarskóla

Kristín Ólöf Grétarsdóttir, formaður foreldrafélags Áslandsskóla

Margrét Halldórsdóttir, skólastjóri Engidalsskóla

Stefán Már Gunnlaugsson, formaður foreldraráðs Hafnarfjarðar og formaður foreldrafélags Hraunvallaskóla



## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Desforges, C. og Abouchaar, A. (2003). The impact of parental involvement, parental support and family education on pupil achievement and adjustment: A literature review. Nottingham, UK: DfES Publications.

Hattie, J. (2009). Visible learning: A synthesis of over 800 metaanalyses relating to achievement. London: Routledge.

Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns. (2006). Gullkista við enda regnbogans: Rannsókn á hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005–2006. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Nanna Kristín Christiansen. (2011). Skóli og skólaforeldrar. Iðnú.

Skólapúlsinn. 2023. )Viðhorf hafnfirskra foreldra til skólastarfsins, óútgefin skýrsla og nafn á henni óljóst).

## Viðauki 1- Könnun

[Könnun - Samstarf heimilis og skóla meðal skólustjórnenda og forsvarsmanna foreldrafélaga í Hafnarfirði.pdf](#)

## Viðauki 2 – Hlutverk bekkjarfulltrúa

Hlutverk bekkjarfulltrúa (staðfært úr gögnum Heimilis og skóla)

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar.

Bekkarfulltrúar eru kosnir af foreldrum eða tilnefndir í samráði við fyrri bekkjarfulltrúa. Æskilegt er að bekkjarfulltrúar séu minnst tveir fyrir hvern bekk og að einungis sé skipt um annan bekkjarfulltrúann í hvert sinn, þannig að þeir sitji tvö ár í senn.

- Bekkarfulltrúar kallar saman foreldra barnanna í bekknum eigi sjaldnar en tvisvar á ári, í fyrra skiptið í upphafi skólaárs, eigi síðar en í lok septembermánaðar.
- Þá ræðir hann við foreldra um markmið og framkvæmd bekkjarstarfs á komandi vetri. Fyrir þann fund undirbýr hann kosningu eftirmanns síns, hafi hann ekki verið kosinn á síðasta fundi að vori.
- Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra/forráðamanna og nemenda auk þess að leitast við að treysta samband heimila og skóla innan hversrar bekkjardeildar.
- Bekkarfulltrúar eru tengiliðir foreldra við umsjónarkennara og koma sjónarmiðum foreldra á framfæri þegar þess er þörf. Í samvinnu við kennara skipuleggja þeir í upphafi skólaárs almennan fund með foreldrum (á eftir námsefnisfundum) þar sem bekkjarstarf vetrarins er skipulagt.
- Bekkarfulltrúar fylgjast með því að foreldrastarfið sem ákveðið er í bekknum sé framkvæmt, t.d. bekkjarkvöld, umræðufundir og heimsóknir. Æskilegt er að skipta foreldrum bekkjarins í 2-5 manna hópa til að skipuleggja einstök verkefni vetrarins. Er þá eitt foreldri hópstjóri og tengiliður við bekkjarfulltrúa.

- Æskilegt er að eldri nemendur séu hafðir með í ráðum þegar bekkjarstarf vetrarins er skipulagt. Stefnt skal að því að halda a.m.k. þrjár uppákomur/skemmtanir á hverjum vetri.
- Bekkjarfulltrúar ræða við umsjónarkennara um skólastarfið og gang mála í bekknum og miðla upplýsingum til annarra foreldra t.d. á fundum eða með dreifibréfum/ tölvupósti í samvinnu við umsjónarkennara.
- Bekkjarfulltrúar eru tengiliðir bekkjarins við foreldraráð og skólaráð og sitja í fulltrúaráði foreldrafélagsins sem fundar a.m.k. þrisvar á vetri.
- Bekkjarfulltrúar safna í bekkjarmöppu gögnum um það sem gert hefur verið í foreldrastarfi í bekknum til dæmis myndum og öðru sem gaman er að eiga sem og ýmsum öðrum gögnum, t.d. frá skólanum, foreldrafélaginu og skólayfirvöldum. Bera ábyrgð á að mappan fylgi bekknum og fari eftir útskrift nemenda á skólabókasafnið.
- Bekkjarfulltrúar reyna að hlusta eftir sjónarmiðum nemenda varðandi andann í bekknum, bekkjarstarfið og störf foreldra í bekknum.
- Bekkjarfulltrúar aðstoða kennara við að skipuleggja þátttöku foreldra í skólastarfinu eftir því sem við á, t.d. í tengslum við vettvangsferðir, starfskynningar og heimsóknir foreldra í bekkinn.
- Bekkjarfulltrúar kjósa eftirmenn sína að vori og tilkynna breytingu til stjórnar. Þeir miðla upplýsingum til nýrra bekkjarfulltrúa og afhenda bekkjarmöppu.
- Bekkjarfulltrúar aðstoða stjórn foreldrafélagsins við framkvæmd einstakra stærri viðburða s.s. jólaföndur og vorhátíð.
- Bekkjarfulltrúar taka þátt í að manna foreldrarölt þau kvöld sem bekknum er úthlutað. Æskilegt er að foreldrar skrái sig á röltvaktir vetrarins að hausti. Bekkjarfulltrúar sjá til þess að minna fólk tímanlega á röltvaktir t.d. með SMS.
- Bekkjarfulltrúar skulu gæta þess að hafa velferð nemenda, foreldra og kennara að leiðarljósi í bekkjarstarfinu og virða trúnað um persónulega hagi nemenda og foreldra.